



Um barnafræðslu í Strandasýslu og Húnavatnssýslu 1887–1905

Bragi Guðmundsson

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Rannsóknin sem hér er kynnt byggir aðallega á skýrslum sveitakennara í Strandasýslu og Húnavatnssýslu frá árunum 1887–1905. Í þeim eru dýrmætar upplýsingar um ungmenntu sem nutu formlegrar fræðslu á þessum tíma.

Meðal niðurstaðna er að hlutfall barna sem fengu formlega fræðslu fór smám saman hækkandi en sýslurnar tvær voru samt vel undir landsmeðaltali þegar kom að hlutfallslegri skólasókn. Barnafræðslunni var misskipt. Minnst var hún norðan Steingrímsfjarðar, á austurströnd Hrútafjarðar og í ytri hluta Vindhælishrepps á Skaga. Allmikill munur var á milli sókna og/eða hreppa. Börn og systkini húsbænda voru 71% heildarinnar fræðsluárið 1894–1895 en fjölgaði í 78% áratug síðar. Hlutfall pilta og stúlkna var tiltölulega jafnt og aldursbil nemenda breitt.

Heimiliskennsla var ríkjandi fræðsluform og fá börn gengu til kennslu milli bæja. Kennslustaðir voru 70 veturinn 1894–1895 og 78 áratug síðar. Nokkrir vitnisburðir eru um hvernig komið var til móts við börn fátækra. Litlar upplýsingar eru um húsa- kynni og aðrar ytri aðstæður. Ekkert fast skólahús var við Húnaflóa uns heimavistar- skólinn á Heydalsá tók til starfa 1897 og ekkert slíkt reis næsta áratuginn. Lítið er vitað um kennsluáðferðir. Sumir kennaranna lýsa utanbókarlærdómi og yfirheyrslum en einnig voru nemendur æfdir í að skrifa eftir upplestri. Námstími var yfirleitt skammur og áhersla á að kenna ófermdum börnum skyldunámsgreinarnar fjórar: lestur, kristinfræði, skrift og reikning, að viðbætti réttitun. Eldri nemendur lásu fleira, helst náttúrufræði, landafræði og dönsku. Byggðirnar við Húnaflóa stóðu höllum fæti í þróun uppfræðslu og skólamála miðað við það sem best gerðist annars staðar. Þar réð líklega mestu dreifð búseta en einnig mögulega efnalegar aðstæður og íhaldssöm viðhorf til skólagöngu.

Efnisorð: Sveitakennsla, heimiliskennsla, farkennsla, Strandasýsla, Húnavatnssýsla

Inngangur


Þessi grein er framhald af annarri sem birtist í árslok 2020 (Bragi Guðmundsson, 2020). Þar var áhersla lögð á einstaklinga sem önnuðust sveitakennslu í Strandasýslu og Húnavatnssýslu áður en formlegri skólaskyldu var komið á 1908. Undirbúningsmenntun þeirra var könnuð, aldur og hvort þeir gerðu kennslu að aðalævistarfi. Grunnöggnin voru fræðsluskýrslur sem ná allt aftur til 1887. Fyrstu árin voru þær óformlegar en frá og með vetrinum 1894–1895 var notað staðlað skýrsluform. Þegar það kom til skjalanna voru kennarar beðnir um samræmdar upplýsingar, sjá fyrri grein.

Markmiðið nú er að grafast fyrir um þau börn og unglinga sem kennslunnar nutu. Um leið er reynt að varpa ljósi á menntunaraðstæður ungmenna í strjálbýlum héruðum og samanburðar leitað við annað dreifbýli eða landið allt eftir því sem heimildir leyfa. Tvö fræðsluár eru skoðuð sérstaklega, 1894–1895 og 1904–1905. Aðeins er fjallað um nemendur þeirra kennara sem sendu frá sér skólaskýrslur en Snorri Þorsteinsson, fyrrverandi fræðslustjóri, færir rök fyrir því í bók sinni um barna- og unglingafræðslu í Mýrasýslu að kennarar hafi í reynd verið fleiri (Snorri Þorsteinsson, 2009, bls. 53). Ótalin er sú fræðsla sem var í höndum heimilisfólks á hverjum bæ.

Samanburðarrannsóknir eru fáar. Langmikilvægust er skýrsla sem Guðmundur Finnbogason vann á vegum Alþingis um fræðslu barna og unglinga veturinn 1903–1904 (Guðmundur Finnbogason, 1905) og verður oft til hennar vísað. Þá skýrsla nýtir Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við HÍ, til þess að birta yfirlit um hlutfall „10–14 ára barna sem voru í skóla árið 1903–1904 af sama aldurshópi í manntalinu 1901. Þetta ár gengu 61% allra íslenskra barna á aldrinum 10–14 ára í skóla“ (Ólöf Garðarsdóttir, 2010, bls. 4). Rannsókn Ólafar sýnir mikinn landshlutamun á skóla-sókn. Mest var hún í þéttbýli við Faxaflóa og í Eyjafirði, um 90%, en minnst í Strandasýslu, 19%.

Ólöf miðar við 10–14 ára börn og fylgir þar aldursgreindri sundurliðun á manntalinu 1901. Guðmundur Finnbogason notar einnig þann aldurshóp en tilgreinir að auki nemendur sex ára og yngri, sjö til níu ára og fimmtán ára og eldri. Í þessari rannsókn eru ungmennin við Húnaflóa aldursflokkuð eins og í manntalinu 1901. Með því að leggja saman yngstu hópana tvo hjá Guðmundi má auðveldlega hafa þá til samanburðar við 5–9 ára börn.

Í áður nefndri grein höfundar er umfjöllun um grunnhugtök, rætt um menntunaraðstæður almennt, rannsóknaraðferðin útskýrð og sagt frá sýslunum tveimur. Þar er meðal annars kort sem sýnir skipan prestakalla og sveitarfélaga við Húnaflóa um 1900. Það er endurbirt hér sem *Mynd 1*.



Mynd 1: Hreppar og prestaköll við Húnaflóa um 1900. Heimild að mynd: Björk Ingimundardóttir, 2019. Kortagerð: Alta ehf.

Viðfangsefnið er greint í sex hluta. Fyrst er sagt frá fjölda nemenda og aldursdreifingu þeirra og athugað hvort sjá megi svæðismun hvað varðar formlega barnafræðslu. Í öðru lagi er skyggst á bak við nöfn nemenda til að greina félagslega stöðu þeirra. Í þriðja lagi er því svarað hvort kennslan var aðallega heimiliskennsla eða mikið sótt af börnum á nærliggjandi bæjum. Í þeim hluta eru tekin dæmi af kennslu sveitakennara til þess að varpa ljósi á viðfangsefnið. Í fjórða lagi er rætt um aðstæður til kennslunnar og þar á eftir eru nefndir stakir vitnisburðir um kennsluáðferðir. Að lokum er yfirlit um þátttöku í einstökum námsgreinum.

Heimildir og rannsóknaraðferð

Í kennsluskýrslunum eru tilgreind öll börn sem umsækjandi kenndi á líðandi vetri, aldur þeirra og námsgreinar sem hvert þeirra sat. Heimili barnanna eru ekki nefnd. Sumir kennarar raða nöfnunum í stafrófsröð en aðrir fylgja (oftast) röð kennslustaða. Til þess að komast að því hverjir nemendurnir voru eru aðallega notaðar þrjár leiðir.

Fyrst var leitað í manntalsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands (www.manntal.is), aðallega manntölum frá 1890, 1901 og 1910. Grunnurinn býður leit eftir nafni einstaklings, heimili, sókn/prestakalli, sýslu, aldri og stöðu. Áreiðanleg niðurstaða fékkst í góðum meirihluta tilvika en vegna tíðra búferlaflutninga þurfti oft að leita víðar. Þá var flett sóknarmannatölum á vef Þjóðskjalasafnsins undir heitinu vefsíða kirkjubóka (www.skjalasafn.is). Sóknarmannatölin nefna alla sem bjuggu eða voru staddir í hverri sókn í árslok hvert ár. Í þeim er oftast fylgt ákveðinni bæjaröð og auk nafna heimilisfólks er tilgreindur aldur, stétt/staða og hvort viðkomandi er fermdur, og gefin stutt um-sögn um kunnáttu barna í skyldunámsgreinum. Þessi töl nýttust vel nema sóknarmannatalið fyrir Hofssókn á Skaga, sem vantar frá og með 1870, og sóknarmannatal Melstaðar í Miðfirði, sem er mjög brotkennt þau ár sem rannsóknin tekur til. Það getur verið seinlegt að leita uppi einstaklinga en flestir fundust þegar miðað var við árslok 1894, 1895, 1904 og 1905. Loks er Íslendingabók (www.islendingabok.is) notadrjúg heimild til þess að staðfesta bæði fæðingarár og búsetu.

Orðmyndanir og greinarmerkjasetning í óprentuðum gögnum halda sér í beinum tilvitnunum en stafsetning er færð til nútímamáls. Beinir tilvitnanir í prentuð rit eru óbreyttar.

Fjöldi og búseta nemenda

Sveitarfélögin við Húnaflóa voru tuttugu, sjö í Strandasýslu og þrettán í Húnavatnssýslu. Aldursskipting í hverjum hreppi liggur ekki fyrir svo heildarskipting aldurshópa í hvorri sýslu verður að duga. Úrvinnsla úr manntalinu 1901 er í *Landshagsskýrslum fyrir Ísland 1903*. Áherslan er á yngstu árgangana, 0–4 ára, 5–9 ára, 10–14 ára og 15–19 ára (bls. 139–140), sjá *Töflu 1*.

Tafla 1. Aldursskipting í Strandasýslu og Húnavatnssýslu árið 1901. Yngstu aldurshóparnir.

Aldur	Strandasýsla		Húnavatnssýsla	
	Fjöldi	Hlutfall af heild	Fjöldi	Hlutfall af heild
0–4 ára	237	13%	486	12%
5–9 ára	223	12%	488	13%
10–14 ára	197	11%	384	10%
15–19 ára	175	10%	324	8%
20 ára og eldri	980	54%	2209	57%
Alls	1812	100%	3891	100%

Aldursdreifingin var nánast sú sama í sýslunum tveimur. Hlutfall þeirra þriggja aldurshópa sem aðallega sóttu fræðslu til sveitakennara, 5–19 ára, var 33% í Strandasýslu en 31% í Húnavatnssýslu. Samsvarandi hlutfall fyrir landið allt var 31% (*Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903 I*, bls. 147–151). Aldursskiptingin við Húnaflóa var því dæmigerð.

Tafla 2 sýnir fjölda þeirra sem fengu formlega fræðslu í Strandasýslu og Húnavatnssýslu veturna 1894–1895 og 1904–1905. Fyrri veturinn bærust ekki stöðluð eyðublöð úr Strandasýslu og aðeins er hægt að birta samtölur þess fræðsluárs. Annar varnagli við tölurnar úr Strandasýslu sama vetur eru upplýsingar í staðfestingarbréfi séra Arnórs Árnasonar í Tröllatungu, dags. 17. apríl 1895, um kennslu Sigurgeirs Ásgeirssonar (1871–1936) í prestakallinu. Þar segir: „Ég vil leyfa mér að geta þess, að ofanefndur sveitakennari hefur haft sveitakennslu á hendi í Árnesprestakalli síðan hann hætti hér og verður hann þar við kennslustörf fram yfir sumarmál“ (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905). Engin skýrsla er varðveitt um þessa kennslu Sigurgeirs en hann segir sjálfur í skýrslu

fyrir veturinn 1903–1904 að hann hafi þá kennt tíu vetur alls, þar af níu í Kirkjubólshreppi og einn í Árneshreppi.

Sigurgeir Ásgeirsson stjórnaði og kenndi í nýbyggðum barna- og unglingaskóla á Heydalsá frá 1897 en sá skóli þótti ekki styrkhæfur því hann var deildaskiptur eftir aldri. Það verður að teljast langsótt ástæða fyrir höfnun því margir styrkhæfir sveitakennarar kenndu fleiri eða færri ungmennum sem komin voru yfir fermingu. Um útilokunina segir í ódagsettu skjali sem ritað var á vegum stiftsfirvalda vorið 1905: „Skóli þessi er ekki eingöngu barnaskóli, heldur einnig unglingaskóli, sem vitanlega getur eigi komið til greina við styrksútbýting þá, sem hér er um að ræða“ (ÞÍ. Stv. D.I. nr. 342–345).

Guðmundur Finnbogason (1905, bls. 8) telur alla nemendur Heydalsárskólans með í sinni skýrslu og það er líka gert hér. Byggt er á skýrslum um mánaðarpróf frá því í nóvember 1904 og til vorprófs í apríl 1905 (ÞÍ. Sýslumaðurinn í Strandasýslu PG/3, örk 3). Í þeim eru taldir samtals átján nemendur í barnadeild, ýmist fyrri eða seinni hluta vetrar, og ellefu nemendur í unglingadeild, einnig ýmist fyrri eða seinni hluta vetrar. Í skýrslunum eru aðeins nöfn nemenda en hvorki heimili né aldur. Illa gekk að átta sig á uppruna þeirra sem sóttu unglingadeildina og líklega var aðeins eitt þeirra úr nærsveitum skólans en nokkur úr Barðastrandarsýslu. Heildartala nemenda með búsetu í Strandasýslu er því of há ef ætlunin er að hún sýni aðeins ungmenni þaðan. Þar getur munað allt að einum tug.

Tafla 2. Nemendur við Húnaflóa fræðsluárin 1894–1895 og 1904–1905.

Aldur	Strandasýsla		Húnavatnssýsla	
	1894–1895	1904–1905	1894–1895	1904–1905
0–4 ára		0	0	4
5–9 ára		21	81	103
10–14 ára		36	128	155
15–19 ára		11	40	36
20 ára og eldri		3	7	10
Óvíst	86	7	0	0
Alls	86	78	256	308

Einn nemandi er tvítalinn í skýrslu kennara. Það er frávik því þótt nemendur fengju kennslu hjá sama kennara á fleiri en einum bæ eru nöfn þeirra jafnan talin einu sinni í hverri skýrslu. Fræðsluárið 1894–1895 fengu fimmtán nemendur kennslu hjá sama kennara á fleiri en einum bæ í Húnavatnssýslu og tíu árum síðar hafði þeim fjölgað í 37. Engin dæmi eru um þetta í Strandasýslu umrædd ár.

Nokkur dæmi eru um að nemendur hafi notið kennslu tveggja kennara sama veturinn og séu í tveimur skólaskýrslum. Hægt er að lækka heildartölu nemenda sem þessu nemur en það fækkar ekki nemendum kennaranna sem allir telja réttilega fram. Niðurstaða höfundar er að fara eftir uppgefinni nemendatölu þeirra þótt einstaklingarnir séu heldur færri en skýrslurnar nefna. Sams konar tvítalningar eru örugglega í tölum um nemendur sveitakennara í skýrslu Guðmundar Finnbogasonar.

Hægt er að bera fjölda ungmenna sem fengu formlega tilsögn hjá sveitakennurum saman við aldursdreifinguna 1901. Niðurstaðan er sýnd í *Töflu 3*. Þótt aldur nemenda á Ströndum 1894–1895 komi ekki fram má fullyrða út frá námsgreinunum sem kenndar voru að þeir falli flestir eða allir innan aldurshópanna þriggja.

Tafla 3. Nemendur hjá sveitakennurum við Húnaflóa. Hlutfall af heildarfjölda sömu aldurs-
hópa árið 1901.

Aldur nemenda	Strandasýsla		Húnavatnssýsla	
	Hlutfall 1894–1895	Hlutfall 1904–1905	Hlutfall 1894–1895	Hlutfall 1904–1905
5–9 ára		9%	17%	21%
10–14 ára	15%	18%	33%	40%
15–19 ára		6%	12%	11%

Af þessum tölum má álykta að í Húnavatnssýslu hafi fræðsla sveitakennara náð smám saman til stækkandi hóps barna undir fermingaraldri en erfiðara er að meta stöðuna á Ströndum.

Hátt hlutfall yngstu barnanna er athyglisvert og það skýrir Guðmundur Finnbogason þannig að í föstum skólum hafi fræðslan að langmestu leyti afmarkast við 7/8–14 ára börn. Í farskólum til sveita var annar bragur á:

Þar sem haldinn er farkennari, er reynt að færa sér kenslu hans í nyt eftir föngum. Fermdir unglingar fá þá að njóta tilsagnar um leið, og kennarinn er látinn hafa þau börnin með til kenslu, sem eru að byrja að læra lestur. Það eru jafnvel nokkur þriggja ára gömul börn talin sem nemendur á skýrslunum, svo nógu snemma er nú byrjað! (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 40).

Forvitnilegt er hvort sjáanlegur er svæðismunur hvað varðar formlega fræðslu. Byrjum á Húnavatnssýslu. Þar nutu mjög fá börn formlegrar fræðslu á austurströnd Hrutafjarðar og í Hofsprestakalli (norðan Hallár) á Skaga. Hér verða tvö önnur svæði tekin til sérstakrar skoðunar. Fyrir valinu verður annars vegar Staðarbakkaprestakall, sem náði yfir innri hluta Miðfjarðar, ystu bæir Reynhólar, Staðarbakki og Bergsstaðir. Mestallt prestakallið var í Fremri-Torfustaðahreppi og innan þess voru tvær sóknir, Staðarbakkasókn og Efra-Núpssókn. Hins vegar er Höskuldsstaðaprestakall, sem hafði norðurmörk við Hallá. Þaðan teygði það sig yfir Norðurárdal og Laxárdal að Litla-Vatnsskarði sem fremsta bæ. Sunnan og vestan Langadalsfjalla tók prestakallið til Refasveitar norðan Blönduóss og teygði sig þaðan fram Langadal að Auðólfstöðum. Í prestakallinu voru tvær sóknir, Höskuldsstaðasókn og Holtastaðasókn. Fræðsluskýrslur eru greinargóðar úr báðum prestaköllunum og sóknarmannatöl sömuleiðis.

Aldurshóparnir 5–9 ára og 10–14 ára eru skoðaðir af þeirri ástæðu að yfir 80% barna sem einhverja fræðslu fengu hjá sveitakennurum voru á þeim aldri.

Niðurstöður eru settar fram í tveimur töflum og er þeim skipt eftir sóknnum. Það er gert til þess að sýna að þótt börnin séu ekki mörg er auðsjáanlegur munur, bæði á milli prestakallanna en einnig sókna innan þeirra, sjá *Töflur 4 og 5*.

Tafla 4. Staðarbakkaprestakall. Heildarfjöldi barna og hlutfall skráðra nemenda fræðsluárin 1894–1895 og 1904–1905.

	1894–1895			1904–1905		
	Fjöldi barna	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda	Fjöldi barna	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda
Staðarbakkasókn						
4–9 ára	18	1	6%	28	11	39%
10–14 ára	19	4	21%	27	14	52%
Samtals	37	5	14%	55	25	45%
Efra-Núpssókn						
4–9 ára	13	2	15%	23	9	39%
10–14 ára	18	5	28%	21	14	67%
Samtals	31	7	23%	44	23	52%
Staðarbakkaprestakall alls						
4–9 ára	31	3	10%	51	20	39%
10–14 ára	37	9	24%	48	28	58%
Samtals	68	12	18%	99	48	48%

Tafla 5. Höskuldsstaðaprestakall. Heildarfjöldi barna og hlutfall skráðra nemenda fræðsluárin 1894–1895 og 1904–1905.

	1894–1895			1904–1905		
	Fjöldi barna	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda	Fjöldi barna	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda
Höskuldsstaðasókn						
4–9 ára	30	9	30%	44	13	30%
10–14 ára	22	7	32%	40	16	40%
Samtals	52	16	31%	84	29	35%
Holtastaðasókn						
4–9 ára	26	9	35%	24	11	46%
10–14 ára	15	14	93%	22	18	82%
Samtals	41	23	56%	46	29	63%
Höskuldsstaðaprestakall alls						
4–9 ára	56	18	32%	68	24	35%
10–14 ára	37	21	57%	62	34	55%
Samtals	93	39	42%	130	58	45%

Skipulögð barnafræðsla var meiri í Höskuldsstaðaprestakalli en í Miðfirði fyrir aldamótin 1900. Áratug síðar hafði dæmið jafnast. Þá var formleg fræðsla fyrr á ferðinni í Holtastadasókn (Langidalur og miðhluti Laxárdals) en annars staðar. Þar fengu langflest 10–14 ára börn fræðslu hjá barnakennara þegar við lok nítjándu aldar. Til samanburðar má nefna að veturinn 1903–1904 fengu 42% allra 7–14 ára barna utan kaupstaðanna fjögurra einhverja fræðslu hjá sveitakennurum (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 14).

Í Strandasýslu voru öll börnin sem vitað er með vissu að fengu formlega kennslu veturinn 1894–1895 úr Kaldrananeshreppi (18), Kirkjubólshreppi (9) og Bæjarhreppi (39), að ógleymdum óskráðum nemendum Sigurgeirs Ásgeirssonar í Árneshreppi. Seinna fræðsluárið, 1904–1905, er hægt að skoða Bæjarhrepp með sams konar hætti og húnvetnsku sóknirnar. Hann var allur innan Prestsbakkaprestakalls, syðst í sýslunni. Nyrsti bær var Skálholtsvík en Gilhagi syðstur. Niðurstöður eru í *Töflu 6*. Þar sést að skipulögð barnafræðsla í Bæjarhreppi var ríflega á pari við húnvetnsku prestaköllin tvö það fræðsluár sem skoðað er.

Tafla 6. Bæjarhreppur. Heildarfjöldi barna og hlutfall skráðra nemenda fræðsluárið 1904–1905.

	1904–1905		
	Fjöldi barna	Fjöldi nemenda	Hlutfall nemenda
Bæjarhreppur			
4–9 ára	44	20	45%
10–14 ára	34	21	62%
Samtals	78	41	53%

Enn er rétt að staldra við skólann á Heydalsá. Vitað er um aldur sextán nemenda í barnadeildinni þennan vetur. Af þeim var eitt níu ára, tólf voru 10–14 ára og þrjú 15–19 ára. Tíu nemendur áttu heima í Kirkjubólshreppi, sveitarfélagi skólans. Níu þeirra voru 10–14 ára en alls voru 33 börn í hreppnum á þeim aldri þennan vetur og skólasóknin því 27%. Guðmundur Finnbogason (1905, bls. 8) segir alla nemendur Heydalsárskólans úr Kirkjubólshreppi en það fær ekki staðist.

Félagsleg staða

Sóknarmannatöl tilgreina samfélagsstöðu hvers heimilismanns. Óvíst er að sóknarprestar hafi allir skilið hugtök á nákvæmlega sama veg en að því slepptu er félagsleg staða nemenda sýnd í *Töflu 7*. Fjöldi þeirra sem tókst að afla fullnægjandi upplýsinga um er í neðstu línu.

Tafla 7. Félagsleg staða nemenda á heimili eftir sýslum og fræðsluárum.

Staða á heimili	Strandasýsla		Húnavatnssýsla		Samtals	
	1894–1895	1904–1905	1894–1895	1904–1905	1894–1895	1904–1905
Barn húsbænda	17	42	174	240	191	282
Systkini hús- bænda				4		4
Fósturbarn	2	4	14	8	16	12
Tökubarn	2		20	28	22	28
Niðursetningur	1	1	14	6	15	7
Léttastúlka			1	1	1	1
Léttadrengur	1	1	1	1	2	2
Vinnudrengur				1		1
Smali		1	1		1	1
Vinnukona		2	4	2	4	4
Barn vinnukonu	2		2	2	4	2
Vinnumaður			3	1	3	1
Barn vinnumanns			1	1	1	1
Barn vinnuhjóna			1	2	1	2
Barn húshjóna		7	4	4	4	11
Barn húskonu	1	3	2	1	3	4
Barn lausakonu				2		2
Barn lausamanns		1				1
Alls	26	62	242	304	268	366

Til þess að skerpa heildarmyndina er rétt að fækka flokkunum og reikna út hlutfallslega stærð þeirra. Hér er nemendunum skipt í sex hópa, sjá *Töflu 8*, og heildarniðurstaðan birt óháð sýslufélögum.

- Börn og systkini húsbænda. Flest voru börn hjóna en nokkur höfðu misst annað foreldrið.
- Fósturbörn voru nálægt fjölskyldutengslum við húsbændur. Mörg voru líklega börn frændfólks sem gat ekki séð fyrir þeim eða heimilin verið leyst upp. Hér eru einnig höfð töku-börn því þótt þau ælust upp hjá vandalausum var ekki greidd meðgjöf.
- Niðursetningar skipa þriðja hópinn. Þau heimili sem tóku þessi börn fengu meðgjöf frá viðkomandi hreppsfélagi.
- Börn vinnufólks, lausafólks og húsfólks eru talin saman því skilin á milli voru frekar óglögg. Vinnufólk er óþarft að skilgreina en húsfólk leigði gjarnan afmarkað húsrými fyrir sig og nokkrar skepnur. Til lausafólks töldust einstaklingar sem ekki voru vistráðnir til ársins heldur réðu atvinnu sinni frá einum tíma til annars.
- Hugtökin léttastúlka, léttadrengur, vinnudrengur og smali eru skyld og vísa til þess að viðkomandi voru utanaðkomandi, komin yfir fermingu og án meðgjafar.
- Vinnufólkið var ungt að árum en komið nokkuð yfir fermingu.

Tafla 8. Félagsleg staða nemenda á heimili, hlutfallstölur.

Félagsleg staða á heimili	1894–1895	1904–1905
Barn og systkini húsbænda	71%	78%
Fósturbarn og tökubarn	14%	11%
Niðursetningur	6%	2%
Barn vinnufólks, lausafólks og húsfólks	5%	6%
Léttastúlka, léttadrengur, vinnudrengur og smali	1%	1,5%
Vinnufólk	3%	1,5%
Alls	100%	100%

Helst vekur athygli hversu mörg börn áttu kost á formlegri fræðslu þótt þau væru ekki á framfæri foreldra sinna. Engar rannsóknir eru til að bera sig saman við en í manntalinu 1901 voru sveitarómagar 44 í Strandasýslu og 72 í Húnavatnssýslu. Á landinu öllu voru þeir 3% heildarmannfjöldans og sérstaklega er tekið fram að þeir hafi aðeins verið 1,8% (voru reyndar 1,9%) í Húnavatnssýslu, sem var næstlægsta hlutfallið (*Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903 I*, bls. 188–189, 221–222). Sveitarómagar voru flestir börn sem fengu oft aðra félagslega stöðu eftir fermingu og töldust vinna fyrir sér.

Heimiliskennsla og farkennsla

Loftur Guttormsson, prófessor við HÍ, segir mörk heimiliskennslu og farkennslu hafa verið óglögg á nítjándu öld og að helst hafi efnafólk getað ráðið heimiliskennara (2008c, bls. 62–63). Skýrslur sveitakennara veita drjúgar upplýsingar um fyrra atriðið þótt ekki sé alltaf skýrt hvaða nemendum var kennt á hverjum stað. Nú skulu tekin nokkur dæmi um leið og reynt er að veita fáorðar upplýsingar um hvern kennara sem nefndur er.

Jón „eldri“ Jónsson (1850–1959), bóndi á Drangnesi, kenndi átján nemendum á fjórum bæjum veturinn 1894–1895, þremur til sex í senn, tvær til fjórar vikur á hverjum stað, samtals þrettán vikur. Einn fékk kennslu á tveimur bæjum. Ellefu fengu kennslu heima hjá sér en sjö voru af nágrannabæjum (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905). Ekki er vitað hvort þeim var komið fyrir á kennslustað eða hvort þeir gengu á milli. Fáum vetrum fyrr fékk Jón þá umsögn hjá séra Ísleifi Einarssyni á Stað að hann hefði „góð áhrif á hugi barnanna, enda er þess að geta, eins og eg áður hef skýrt frá, er [hann] söngfróður maður, og getur það, þegar sálmasöngur er hafður við kennsluna, með öðru fleiru, vakið og glætt tilfinning barnanna fyrir hinu guðlega og siðferðislega“ (ÞÍ. Lh. N.J. Ár 1891).

Sigurjón Jónsson (1865–1931) á Kollsá í Bæjarhreppi var árið 1903–1904 sagður hafa sextán ára kennslureynslu og menntun hans heimakennsla. Sigurjón kenndi 24 nemendum veturinn 1904–1905 á þremur sveitabæjum og á Borðeyri, fjórar til fimm vikur á hverjum stað, samtals nítján vikur. Fimmtán þessara var kennt heima hjá sér og sjö Borðeyringum var kennt þar á staðnum. Systkinahópar voru nokkrir og aðeins tveir komu til kennslu af nágrannabæjum (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905).

Ingibjörg Finnsdóttir (1880–1972) frá Kjörseyri í Bæjarhreppi kenndi lengi. Nemendur hennar voru fjórtán veturinn 1904–1905 og kennslustaðir voru þrír. Einum nemanda var kennt á Kjörseyri í sex vikur, sex á Valdasteinsstöðum í jafnlangan tíma og sjö í Fögrubrekku í tólf vikur. Ellefu þessara nemenda var örugglega kennt heima hjá sér, mögulega tólf. Í Fögrubrekku kenndi Ingibjörg þremur 5–9 ára dætrum húsbænda, ellefu ára fósturdóttur þeirra og sextán ára vinnukonu. Óvíst er hvaðan einn nemendanna í Fögrubrekku var. Á Valdasteinsstöðum voru fjórir 9–13 ára synir húsbænda uppistaðan í nemendahópnum (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905).

Margrét Helga Eiríksdóttir (1877–1967) á Sveðjustöðum á Hrútafjarðarhálsi kenndi lengi. Nemendur hennar voru 29 frá tíu heimilum veturinn 1904–1905. Kennslustaðir voru sex og kennt var tvær til sjö vikur á hverjum bæ, samtals 26 vikur. Að minnsta kosti 23 var kennt heima hjá sér en hin börnin voru af nágrennabæjum (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905). Engin leið er að vita hvort þau gengu til og frá kennslustað dag hvern.

Eggert Helgason (1830–1910) í Helguhvammi á Vatnsnesi kenndi í mörg ár en yfirleitt skamman tíma á hverjum bæ. Hann segir til dæmis í skýrslu 28. janúar 1891: „Heima gjöri ég ráð fyrir að verða mánaðartíma og að þá komi börn til mín eftir sem kringumstæður leyfa. Á Hlíð, hvar 4 börn eru á náms aldri, og á Syðri-Völlum hvar og eru 4 börn, hefi ég staldrað við 1–2 daga í senn á ferðum mínum í því skyni að styðja nám barnanna lítið eitt, og það mun ég og framvegis gjöra eftir því sem ég get“ (ÞÍ. Lh. N.J. Ár 1891). Eggert kenndi 41 barni á átta bæjum veturinn 1894–1895 og var á hverjum stað 1–3½ viku, samtals níttján vikur. Um tuttugu þessara barna áttu heima á einhverjum þeirra bæja sem Eggert kenndi á en hin tuttugu annars staðar, flest á nágrennabæjum. Samkvæmt skólaskýrslu voru heimili barnanna samtals 22 (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905). Engin leið er að vita hversu mörg gengu á milli bæja eða var komið fyrir á kennslustað. Veturinn 1904–1905 kenndi Eggert sextán börnum á þremur bæjum. Þeim var öllum kennt heima hjá sér nema einu sem þurfti að ganga um 600 metra til og frá kennslu. Geta má þess að meðal nemenda voru átta 7–14 ára systkini, eitt á hverju aldursári, til heimilis á Bessastöðum á Heggstáanesi. Um það heimili og annað til segir Eggert í skólaskýrslu að „þessum og þeim líkum heimilum mundi „skólaskyldan“ ekki þægileg verða“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905). – Yfirvofandi samþykkt nýrra fræðslulaga var honum greinilega í huga.

Sigríður Friðriksdóttir (1877–1944) frá Bakkakoti í Víðidal var dæmigerður heimiliskennari. Hún kenndi 23 börnum í Víðidal veturinn 1904–1905, kennslustaðir voru sex og á fimm þeirra kenndi hún einvörðungu þremur til fimm systkinum. Aldursbilið var mest tíu ár hjá systkinum í Melrakkadal en aldursspönnin í heild var ellefu ár, þ.e. fjögurra til fimmtán ára. Í Víðidalstungu var ein stúlka utanaðkomandi, frá Valdarási. Henni hefur væntanlega verið komið fyrir þær vikur sem kennslan stóð því alllangt er á milli, um 3,7 km í beinni loftlínu. Sigríður var þrjár til fimm vikur á hverjum stað og kenndi samtals í 26 vikur (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Halldór Sigurður Halldórsson (1866–1929) á Móbergi í Langadal kenndi lengi. Um hann segir séra Eggert Ó. Brím á Höskuldsstöðum í meðmælabréfi, dags. 18. janúar 1888, að Halldór sé „siðlátur piltur, allvel að sér, lipur að segja til, og hafði þegar á 17. og 18. ári lag á að ávinna sér elsku og virðing barna þeirra, er hann veitti tilsögn. Starf hans hefir og haft góðan árangur, og börn á þeim heimilum, er hann hefir verið lengra eða skemmra tíma, hafa sýnilega tekið góðum framförum, meðan þau nutu tilsagnar hans við“ (ÞÍ. N.J. 1888–1892. Ár 1889). Veturinn 1894–1895 hafði Halldór 29 nemendur frá þrettán heimilum og kenndi þeim á sjö bæjum, tvær til átta vikur á hverjum stað, samtals 28 vikur. Í það minnsta átján var kennt heima hjá sér en hinir voru af nágrennabæjum sem allir voru í göngufæri við kennslustaðina (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Björn Árnason (1870–1932) frá Þverá í Hallárdal kenndi allmarga vetur. Almanaksárið 1893 kenndi hann 26 ungmönnum á aldrinum 6–19 ára í Engihlíðar- og Vindhælishreppum. Systkina-hópar voru sex en heimili nemenda sjö. Öllum nema þremur var kennt heima hjá sér. Hin gengu daglega til og frá heimilum sínum, öll stutta leið. Eitt þurfti þó að fara yfir Laxá til kennslunnar (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905). Björn var vel látinn og séra Jón Pálsson á Höskuldsstöðum segir í meðmælabréfi sínu, dags. 18. febrúar 1894, að hann „sé mjög laginn og lipur til að kenna börnum, og að börn þau, er notið hafa tilsagnar hans, hafi tekið góðum og miklum framförum“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Frímann Finnsson (1872–1937) á Jaðri á Skagaströnd „starfaði að kennslu meira eða minna flesta eða alla vetur frá 1905 fram á síðustu ár. Kenndi piltum undir sjómannaskóla. Starfaði annars mest að sjómennsku, skipstjóri um skeið“ (Ólafur P. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir, 1985–

1988, 1, bls. 147–148). Í skólaskýrslu Frímanns vorið 1905 eru nöfn 27 nemenda frá átta bæjum sem kennt var á fimm stöðum, tvær til átta vikur í senn, samtals 24 vikur. Uppistaðan á hverjum bæ voru systkini, flest á Balaskarði, sjö talsins á aldrinum sex til sautján ára. Samtals var 23 börnum kennt heima hjá sér en fjögur áttu heima í næsta nágrenni (Þí. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Yfirlit um fjölda og kynskiptingu nemenda, samanlagða tölu heimila þeirra, fjölda kennslustaða og kennara er í *Töflu 9*. Nokkrir annmarkar eru á að fullgera upplýsingarnar um Strandasýslu af ástæðum sem þegar hafa verið tilgreindar. Skólinn á Heydalsá er inni í tölunum 1899–1900 svo meðalfjöldi kennslustaða á kennara í sýslunni verður villandi. Annar þeirra (Sigurgeir Ásgeirsson) kenndi aðeins í fasta skólanum en hinn (Sigurjón Jónsson) á fimm sveitabæjum.

Tafla 9. Nemendur, kennarar, heimili og kennslustaðir. Fjöldatölur.

	Strandasýsla			Húnavatnssýsla		
	1894– 1895	1899– 1900	1904– 1905	1894– 1895	1899– 1900	1904– 1905
Nemendur alls	86	51	67	256	178	308
a) Stúlkur	–	24	36	115	89	150
b) Piltar	–	27	31	141	89	158
Heimili nemenda	–	26	–	104	70	108
Kennslustaðir	12	6	11	58	41	67
Meðalfjöldi nemenda á kennslustað	7,2	8,5	6,1	4,4	4,3	4,6
Kennarar	4	2	4	13	10	16
Meðalfjöldi nemenda á kennara	21,5	25,5	16,8	19,7	17,8	19,3
Meðalfjöldi kennslustaða á kennara	3,0	3,0	2,8	4,5	4,1	4,2

Lítill munur er á fjölda pilta og stúlkna þótt drengirnir séu aðeins fleiri (52%) þau ár sem fullnægjandi upplýsingar eru um.

Engin einhlít skýring er á niðursveiflunni sem varð á skólasókn um 1900 en miklar sveiflur voru víðar. Nefna má að á árunum 1893–1905 voru nemendur í Mýrasýslu fæstir veturinn 1896–1897, 56 talsins, en flestir 1901–1902, 113 (Snorri Þorsteinsson, 2009, bls. 42). Mögulegt er að árferði hafi haft eitthvað að segja og í árferðisannál sést að hafís kom að landinu flest ár í kringum aldamótin, sýnu mestur með tilheyrandi kuldu fyrri hluta árs 1902 (Þorvaldur Thoroddsen, 1916, bls. 423–427).

Meðalfjöldi nemenda á hvern kennara var í jafnvægi í Húnavatnssýslu þessa vetur. Meðalfjöldi nemenda á kennslustað í farskólum landsins var 5,5 veturinn 1903–1904 (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 40). Strandasýsla var vel yfir en Húnavatnssýsla talsvert undir. Skólaskýrslur benda til þess að heimiliskennsla hafi verið almenna reglan, sbr. dæmin hér að framan, og í skýrslu Guðmundar Finnbogasonar er nærfellt auður dálkur þar sem tilgreina á lengstu vegalengd sem nemendur ganga í skóla. Í Húnavatnssýslu er nefnd hálf tíma leið í Þverárhreppi, spurningarmerki er við Þorkelshólshrepp en annars staðar eyða. Engar upplýsingar bárust um þetta úr Strandasýslu. Af bók Snorra Þorsteinssonar má ráða að framkvæmd kennslunnar hafi verið breytileg eftir hreppum í Mýrasýslu (2009, bls. 50–52) en annars skortir rannsóknir á þessu atriði.

Áhugavert er að skoða hlutfall heimila sem áttu nemendur í skóla miðað við fjölda heimila í manntalinu 1901 (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 138). Í Strandasýslu eru einu samanburðartölurnar frá 1899–1900 og þá var þetta hlutfall 10% en sama ár var það 12% í Húnavatnssýslu. Þar hækkaði hlutfallið í 19% veturinn 1903–1904 (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 14) en lækkaði í 18% fræðsluárið næsta. Til samanburðar var þetta hlutfall 26% á landinu öllu 1903–1904. Mikill munur var á milli héraða. Sem dæmi má nefna að hlutfallið var 30% í Borgarfjarðarsýslu, 19% í bæði Dalasýslu og Barðastrandarsýslu, 24% í Skagafjarðarsýslu

og 31% í Eyjafjarðarsýslu að Akureyri undanskilinni. Sýslurnar við Húnaflóa voru þannig í lægri kantinum sé gengið út frá því að hlutfall barna á sveitaheimilum hafi verið nokkurn veginn sambærilegt um land allt. Ástæður eru ugglaust margar en líklega hafa íhaldssöm viðhorf til menntunar barna í föstum skólum verið útbreiddust þar sem dreifbýlið var mest. Það er ekki til skoðunar hér en reipdrættinum á milli heimafræðslusinna og skólafræðslusinna hefur víða verið lýst (sjá t.d. Guðmundur Finnbogason, 1947, bls. 106–108 og 114–115; Loftur Guttormsson, 2008d, bls. 80–83).

Aðstæður til kennslu

Upplýsingar um aðstæður til kennslu eru fáséðar í innsendum gögnum kennara og sóknarpresta og allsendis ónógar til þess að fá heildarmynd. Elsti vitnisburðurinn er í skýrslu séra Arnórs í Tröllatungu, dags. 21. mars 1888, þar sem segir að ekki hafi verið umgangskennari í Fellshreppi um veturinn en þó hafi „nokkrir unglingar notið slíkrar kennslu, sem umgangskennarar veita, á þann hátt, að foreldrar eða húsbændur barnanna hafa keypt kennslu fyrir þau hjá búsettum mönnum í hreppnum, og hafa ungmennin gengið í tíma til þeirra“. Í fylgibréfi útskýrir hann aðstæður í hreppnum: „Þeir, sem hafa notað þessa kennslu eru flestir mjög fátækir, og þarfnast því mjög styrks til að bera þann kostnað, sem leitt hefur af því að veita ungmennunum þá fræðslu, sem ég álit embættisskyldu mína að krefjast, að þeim sé veitt, og sem ég því hefi gengið stranglega eftir“ (ÞÍ. Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1888).

Orð séra Arnórs veita innsýn í veruleika fátæks sveitafólks. Það átti að uppfærða börn sín í tilteknum námsgreinum en sum heimili gátu það ekki og fengu aðstoð frá betur kunnandi nágroñnum. Annar vitnisburður um fátækt er í umsögn séra Páls Ólafssonar á Prestsbakka, dags. 7. júní 1900, um kennsluna veturinn á undan: „Þennan vetur hefur kennsla Sigurjóns [Jónssonar] eingöngu verið bundin við fátækustu heimili, sem ekki höfðu ráð á að halda kennara yfir lengri tíma“ (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905). Í Húnavatnssýslu er Eggert Helgason sá sem oftast minnst á fátækt. Um kennsluna 1898–1899 segir hann: „Að hvergi voru að tekin börn þar sem ég dvaldi í vetur, stafaði eingöngu af fátækt heimilanna ... og af rúmleysi á heimilinu“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905). Vorið 1902 skrifar Eggert:

Að kennslutíminn ekki varð lengri í þetta sinn en skýrslan sýnir, orsakaðist af hinum almenna bjargræðisskortri, sem þótti vofa yfir þegar á veturinn leið, sakir vanbirgða allra nærliggjandi verslana; varð ég því frá að hverfa á tveim stöðum, er ég hafði verið ráðinn til dvalar eftir páskana. ... Ég get vel búist við, að sumir álíti þessa kennsluviðburði mína lítilsverða, þar sem ég eigi er að jafnaði lengur en 2–4 vikur í senn á hverjum stað, en mér finnst, bæði, að margir fátækir barnamenn, kynoki sér við að taka kennara lengi í einu, og eins hitt, að börnin, sem haldið er að náminu, svo að segja hvíldarlaust, fari úr því að þreytast (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905).

Eggert kenndi þennan vetur sem marga aðra „án borgana frá hlutaðeigendum“.

Lítið er vitað um húsnaðið sem notað var og alger undantekning að kennt væri í sérstöku skólahúsi. Þó segir séra Eggert Ó. Brím á Höskuldsstöðum eftirfarandi í bréfi, dags. 27. janúar 1888, um Magnús Sigurðsson (1857–1894) barnakennara í Spákonufellssókn:

Hann hefir haldið nokkurs konar barnaskóla í þinghúsi hreppsins og einkum veitt til sögn börnum kaupmannanna O.P.Chr. Möllers og F.H. Berndsens, en þar að auki haft til kennslu mörg önnur börn úr hverfinu í kring, þar með ýmis börn þurfalinga sveitarinnar, er ella myndi eigi hafa átt kost tilhlýðilegrar uppfærðslu, og er mér kunnugt um, að hann hefir eigi krafist sérstakrar þóknunar þar fyrir (ÞÍ. Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1888).

Þinghúsið hét Berg eða Stóra-Berg og var reist 1880. Mögulega var það notað til skólahalds fyrstu árin og e.t.v. í stöku tilvikum fram um aldamót en heimildir staðfesta það ekki. Húsið var hins

vegar örugglega notað til kennslu í fáein ár eftir gildistöku fræðslulaganna 1907 (Bjarni Guðmarsson, 1989, bls. 147–149; Sveitarfélagið Skagaströnd, 2009–2013).

Önnur frásögn um kennslu í sérstöku skólahúsi er í skýrslu séra Bjarna Pálssonar í Steinnesi, dags. 30. júlí 1904, um kennslu Dorotheu Kristínar Daniélsdóttur (1882–1963) í Sveinsstaðahreppi næstliðinn vetur: „Kristín Daniélsdóttir (kennari í Steinnesi) hafði kennsluáðferð, sem tíðkast í skólum, enda hafði hún hús, er næstum eingöngu var notað sem kennslustofa, og hafði líka sjálf fengið menntun sína á skóla“ (ÞÍ. Lh. Nr. II. 1903–1904). Á þessum tíma var torfbær í Steinnesi og líklega hefur Kristín fengið eitt húsanna í bænum til afnota.

Páll Friðrik Halldórsson (1875–1941) í Miðhúsum í Vatnsdal kenndi nokkra vetur. Hann lýsir kennsluáðstæðum á Blönduósi veturinn 1899–1900 í athugasemdum með skólaskýrslu, dags. 12. apríl 1900:

1. Öll kennslan fór fram í kaптúninu Blönduósi, fyrir þá sök, að heimilisfeður þar kváðust þurfa kennarans með, allan þann tíma, sem hann gat búist við að sinna kennslustörfum, enda áleit hreppsnefndin, að það myndi ekki verða látið varða styrksynjun, þar sem kaптúnið á engan barnaskóla og nýtur ekki neinna kaupstaðarréttinda í því falli, og einkum, þar sem kennarinn tók ekkert kaup hjá kennsluþiggjendum.
2. Heimilisfeðrum þeim, er kennsluna þágu, kom, að áður fengnu samþykki kennarans, saman um það, að taka svo mörg börn frá öðrum heimilum í kaптúninu, auk sinna eigin barna til uppfræðslu, sem kennarinn treysti sér til að geta stundað kennslu á, til þess, að sem flest börn og unglingar gætu notið kennslunnar, og var því ákveðið
 - Að skipta öllum börnunum í tvær deildir, og skyldi önnur deildin njóta kennslunnar fyrri hluta dags, en hin síðari hluta dagsins. Kennslutíminn í hvorri væri því 5½ stund á dag að meðaltali í hverri viku, hinum hluta dagsins vörðu börnin til undirbúnings undir kennslustundirnar og til leika.
 - Að láta öll börnin fylgja kennaranum eftir á þeim þrem heimilum, sem hann kenndi á, að svo miklu leyti, sem húsrúm og aðrar kringumstæður leyfðu, en með því að Kristján veitingamaður Halldórsson hafði langmest og haganlegast húsrúm, þá varð niðurstaðan sú, að kennslan fór fram á heimili hans, lengri tíma en þann, sem hann hélt kennarann sjálfur, þannig að hann léði skólafötu annan helming dagsins fyrir hin að teknu börn og sín eigin, þær vikur, sem kennarinn kenndi börnum hinna kennsluþiggjenda heima hjá þeim sjálfum, hinn hluta dags.

Daglegur vinnutími kennarans voru því að meðaltali 11 stundir, meirihlutann af þeim vikum 21 sem kennslan stóð. ... Þess skal aðeins getið að ekkert barnanna var lengur en 5½–6 st. við nám í skólanum á dag (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905).

Nemendur Páls voru tuttugu, 5–25 ára, frá átta heimilum. Stærsti systkinahópurinn voru öll sex börn Kristjáns veitingamanns og Sigríðar Sigurðardóttur. Kennt var heima hjá þeim í tólf vikur, fimm vikur á heimili Sigríðar Möller og Björns Gunnlaugssonar Blöndal læknis og fjórar á heimili Benedikts Péturssonar smíðs. Þrjú börn læknishjónanna voru í skólanum 18–21 viku, börn Kristjáns og Sigríðar í fimmtán vikur en önnur helmingi skemur eða minna. Styst var skólaganga sjö ára stúlku, tvær vikur.

Skýrsla Páls Halldórssonar veitir góðar upplýsingar um aðstæður í þorpi sem var að byggjast. Íbúar á Blönduósi voru rúmlega hundrað um 1900 en í Torfalækjarhreppi öllum voru 322 heimilisfastir í árslok 1901 (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 79 og 93). Engin

önnur skólaskýrsla barst úr hreppnum þetta ár og augljóst að meirihluti ungmenna fékk ekki formlega skólafræðslu þennan vetur. Það á bæði við um sveitabörnin og nokkur sem áttu heima á Blönduósi.

Kennsluaðferðir

Kennararnir eru alla jafna fáorðir um kennsluaðferðir. Langlíklegast er að utانبókarlærdómur, frásagnir kennara og yfirheyrsla hafi verið ráðandi eins og í föstum skólum (Guðmundur Finn-bogason, 1905, bls. 46, 51–57; Loftur Guttormsson, 2008c, bls. 62–65). Meðmæli sóknarpresta með umsóknnum kennara um styrki eru alltaf jákvæð þótt greina megi áherslumun eftir því hver skrifar og e.t.v. að einhverju leyti um hvern var skrifað. Skoðum fáein dæmi sem varpa svolitilli skímu á verklagið.

Frímann Guðmundsson (1828–1904) á Kjalarlandi í Hallárdal nefnir í febrúar 1888 þær námsgreinar sem hann hefur kennt og bætir við: „Auk þess hef ég eftir því sem kraftar mínir hafa leyft, leitast við að glæða menntun og upplýsingu hjá yngri og eldri með því á tómsundum mínum að skýra frá ýmsu því, er ég áleit fróðleik á að vita.“ Erindi hans fylgja meðmælabréf tveggja presta. Séra Eggert á Höskuldsstöðum nefnir að Frímann hafi með „siðferði sínu ... haft mjög góð áhrif á ungdóminn á heimilum þeim, er hann hefur dvalið á lengra tíma“ og séra Bjarni í Steinnesi áréttar hið sama (ÞÍ. Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1888).

Magnús Stefánsson (1870–1940) á Flögu í Vatnsdal ræðir skort á leiðbeiningum um kennslustarfið í skólaskýrslu 28. maí 1895:

Athugasemdir um kennsluaðferð, yfirferð nemendanna ... er naumast hægt að gjöra, þar vér barnakennarar höfum í því efni alls ekkert við að styðjast, nema það, sem hver einn álitur best og heppilegast eftir kringumstæðunum [og] skyldan býður honum. Allir kennarar, sem annt er um starfa sinn, mundu þakksamlega taka öllum góðum leiðbeiningum yfirvaldanna um kennsluaðferðir, kennslutíma, yfirferð og annað er að unglíngakennslu lýtur. Þannig lagaðar almennar leiðbeiningar mundu koma mjög miklu góðu til leiðar (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Páll Friðrik Halldórsson kenndi helmingi nemenda sinna söng veturinn 1894–1895 í Vesturhópshóla- og Þingeyrasóknum og segir þá kennslu aðeins hafa farið fram á sunnudögum (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905). Páll hafði því fasta viðveru á kennslustað en fór ekki heim til sín á helgidögum.

Halldór Sigurður Halldórsson segir í maí 1898: „Viðræður og upplýsandi frásagnir úr ritningunni og öðrum fræðigreinum sem börnunum voru kenndar, er regla mín að iðka, nemendunum til hvíldar við námið og hugsunarhætti þeirra til leiðbeiningar. – Að engu barni herði ég meira við námið en svo, að ég fái það til að stunda nám sitt með áhuga“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Séra Hjörleifur Einarsson á Undirfelli var viðstaddur próf að lokinni kennslu Steinunnar Bjarnadóttur (f. 1869, fór til Vesturheims 1900) vorið 1898. Í umsögn segir að hann „hafi sjaldan séð betri árangur af sveitakennslu, þar auðséð var af framförum barnanna að kennari hafði framúrskarandi hæfilegleika til að kenna og lag á að hæna börnin að sér, eins og hún er alþekkt orðin fyrir í þessu byggðarlagi“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905).

Benedikt Frímagnússon (1873–1955) kenndi um árabíl í Langadal og víðar. Hann gerir mismunandi þroska barnanna ítrekað að umtalsefni og segir að sömu aðferðir og skipulag geti ekki gilt fyrir alla. Hann segist vorið 1904 verja tveimur klukkutímum „á degi hverjum, til viðtals við nemendurna, um það, er ég áleit að best mundi skerpa og þroska skilning þeirra. Líka til

að syngja alkunn og fögur íslensk þjóðlög. Í frístundum fylgdi ég þeim til leika.“ Samtalstímarnir og önnur samvera Benedikts með nemendum voru utan stundaskrár. Árið eftir segir hann að yngri börnin hafi aðeins lært hugarreikning og þá tóku samtalstímarnir eina klukkustund á dag og söngur íslenskra ættjarðarkvæða annan til (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905).

Þessi dæmi sýna hvernig sumir kennarar vörðu hluta þess tíma sem ekki fór til beinnar kennslu. Það hefur örugglega verið misjafnt en Jakob Frímansson (1878–1912) á Skúfi í Norðurárdal segist hafa æft nemendur annað hvert kvöld „í að láta hugsun sína í ljósi munnlega og hélt í þeim tilgangi málfund frá kl. 9–10½. ... Fundarstjórn og fundarritun fram fór af nemendunum sjálfum“ (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905). Um Jakob og kennslu hans segir Magnús Björnsson á Syðra-Hóli að hann hafi verið „góður kennari, kröfuharður nokkuð, en skemmtilegur og góður nemöndum sínum.“ Jakob kenndi í Hallárdal og „gekk á milli um helgar yfir fjöllin“ (Magnús Björnsson, 1957b, bls. 138). Hann kenndi hins vegar ekki heima á Skúfi nema einum, Páli Kolka, sem síðar varð héraðslæknir. Öðrum neitaði hann, „sagði eins og satt var, að heima hjá sér væri aðstæður til kennslu svo erfðar að ekki væri viðhlítandi. Húsakynni þröng og hrörleg og tilsögnina varð að veita í baðstofu og hafa í ígripum frá gegningum og öðrum bústörfum“ (bls. 140). – Jakob á Skúfi var sonur fyrrnefnds Frímanns Guðmundssonar en um hann hefur Magnús á Syðra-Hóli einnig skrifað (Magnús Björnsson, 1957a) og lýst kennsluáðferðum hans. Bróðir Jakobs var Frímann Frímansson (1872–1920) sem líka fékkst við sveitakennslu skamma hríð.

Guðmundur Finnbogason telur að skilyrði góðrar kennslu séu þrjú: „góðir kennarar, góðar kenslubækur og góð kensluáhöld. En öllu þessu er víða mjög ábótavant hjá oss“ (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 52). Hann segir einnig að hvorki séu viðunandi hjálpargögn til staðar né kenslubækur (bls. 51–52). Undir það má taka því í skólaskýrslunum eru drjúgar upplýsingar um námsefnið, væri það til á annað borð, og fáeinir vitnisburðir eru um hjálpargögn, einkum kort til landafræðikennslu. Því efni verða ekki gerð skil hér en bent skal á skrá Guðmundar Finnbogasonar um bækur sem notaðar voru veturinn 1903–1904 (bls. 36) og tvo yfirlitskafla Ólafs Rastrick í *Almenningsfræðslu á Íslandi*, sem þó taka aðeins að litlum hluta til námsefnisframboðs fyrir 1907 (Ólafur Rastrick, 2008a og 2008b).

Áhugasömum um hvaða námsefni var notað við Húnaflóa á þessum árum má til dæmis benda á ítarlega bókalista og kennslugagnaskrár Sigurgeirs Ásgeirssonar 1896 og áfram (ÞÍ. Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905) og Guðmundar Davíðssonar (1873–1953), kennara í Vatnsdal, vorið 1902 (ÞÍ. Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905). Í nokkrum skýrslum leggja kennarar mat á námsefnið og eru umsagnir þeirra oftast neikvæðar.

Námshgreinar

Skyldunámshgreinar voru fjórar; kristinfræði, lestur, skrift og reikningur. Kristinfræðinni var skipt í kverfræðslu og biblíusögur og var hið fyrrnefnda aðallega fermingarundirbúningur. Um þessar greinar og sögulegar forsendur er fjallað í *Almenningsfræðslu á Íslandi* og ástæðulaust að endurtaka það hér (Loftur Guttormsson, 2008a, bls. 21–35 og 2008b, bls. 45–49).

Fljótlega bættust við landafræði og náttúrufræði og frá 1889 urðu barnaskólar í þéttbýli að kenna þær greinar ef þeir sóttu um landssjóðsstyrk. Einnig var farið að kenna sögu í sömu skólum og með fræðslulögunum 1907 urðu þessar þrjár hluti af skyldunámi barna (Ólafur Rastrick, 2008c, bls. 196). Það var því eðlilegt að kennsla í þeim næði smám saman út í sveitirnar. Guðmundur Finnbogason birtir yfirlitstöflu um hversu mörg börn og unglingar fengu kennslu í hverri námshgrein (Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 14–15) og því er hægt að bera héruðin við Húnaflóa saman við landið allt, sjá *Töflu 10*. Kaupstaðarskólunum í Reykjavík, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði er sleppt til þess að gera samanburðinn sem raunhæfastan.

Tafla 10. Þátttaka nemenda eftir námsgreinum. Hlutfallstölur.

Námsgreinar	Skýrsla GF 1903–1904	Strandasýsla		Húnavatnssýsla	
		1894–1895	1904–1905	1894–1895	1904–1905
Lestur	88%	63%	78%	63%	74%
Kver	59%	28%	41%	51%	45%
Biblúsögur	64%	21%	36%	51%	53%
Skrift	90%	90%	80%	86%	87%
Réttiritun	59%	64%	85%	72%	62%
Reikningur	89%	79%	94%	81%	86%
Náttúrufræði	20%	4%	31%		15%
Landafræði	30%	19%	53%	13%	21%
Saga	6%		3%	5%	7%
Danska	13%	8%	14%	16%	15%
Söngur	8%			3%	4%
Íslenska			8%	3%	4%
Málfræði				1%	1%
Enska				2%	1%
Handavinna					2%
Eðlisfræði				0,4%	
Nemendur alls	5277	86	78	256	308

Á þeim áratug sem taflan tekur til fjölgaði nemendum hlutfallslega í meirihluta námsgreina í báðum sýslum. Í Strandasýslu þarf að taka tillit til þess að eldri deildin á Heydalsá er með í tölunum 1904–1905 og það munar um þá ellefu sem þar voru. Engir þeirra fengu tilsögn í lestri, kristinfræði eða skrift en þeir sátu hins vegar flestir eða allir tíma í réttiritun, reikningi, landafræði og náttúrufræði. Þeir sex nemendur sem sátu íslenskutíma voru allir í þessari deild.

Breytingar í Húnavatnssýslu þarfnast ekki sérstakra skýringa. Eftirtektarverðast er að náttúrufræði kemst vel á blað og landafræðikennsla sömuleiðis.

Húnaflóasvæðið var nokkuð undir landsmeðaltali í lestri og kristinfræði fræðsluárið 1904–1905 og lítillega í skrift. Aðrar greinar eru vart samanburðarhæfar hvað Strandasýslu varðar vegna Heydalsárskólans en Húnavatnssýsla er vel undir meðaltali í náttúrufræði og landafræði.

Þessi munur á rót í því að fastir skólar voru almennt með meiri þátttöku í einstökum námsgreinum en farskólar og heimilisfræðsla, starfstími þeirra var lengri og í þeim voru kenndar fleiri greinar (Bragi Guðmundsson, 2005, bls. 111–113; Guðmundur Finnbogason, 1905, bls. 44–46).

Engar upplýsingar eru um fjölda fastra skólahúsa á þessum árum aðrar en úttekt Guðmundar Finnbogasonar (1905, bls. 18–29) sem nefnir 47. Sum voru byggð sem skólahús eingöngu en flest gegndu ýmsum öðrum hlutverkum. Ef frá eru dregin skólahús í kaupstöðunum fjórum eru eftir 42 sem Guðmundur kallar barnaskólahús.

Hagstofa Íslands skráir 34 þéttbýlisstaði auk kaupstaðanna fjögurra árið 1901 (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997, bls. 120–122) og þegar þeir eru bornir saman við úttekt Guðmundar sést að skólahús voru í tuttugu þeirra. Eftir stendur að 22 skólahús voru í dreifbýli, eitt þeirra á Heydalsá en ekkert í Húnavatnssýslu.

Samantekt

Í inngangi eru skilgreind sex meginviðfangsefni og hér verða helstu niðurstöður reifaðar.

Aldursdreifing ungmenna í Strandasýslu og Húnavatnssýslu um aldamótin 1900 var nánast hin sama og á landinu öllu. Hlutfall barna sem fengu fræðslu hjá sveitakennurum fór smám saman hækkandi á tímabilinu sem skoðað er. Þrátt fyrir það voru sýslurnar tvær vel undir landsmeðaltali þegar kom að hlutfallslegri skólasókn sé gengið út frá því að hlutfall barna á sveitaheimilum hafi verið sambærilegt um land allt.

Greinilegur landfræðilegur munur var á milli sveitarfélaga í Strandasýslu. Minnst var formleg barnafræðsla í sveitarfélögunum norðan Steingrímsfjarðar en meiri eftir því sem sunnar dró. Í Húnavatnssýslu var mjög lítið um formlega fræðslu við Hrútafjörð og norðan Hallár á Skaga. Allmikill munur var á milli annarra svæða innan héraðs.

Börn húsbænda, fósturbörn og tókubörn mynduðu kjarnann í nemendahópnum, voru 85–89% þá vetur sem skoðaðir voru. Eftirtektarvert er samt að börn og systkini húsbænda voru aðeins 71% heildarinnar 1894–1895 en fjölgaði í 78% áratug síðar. Niðursetningum fækkaði mikið á tímabilinu og í heild fækkaði nemendum án sýnilegra beinna tengsla við húsbændur úr 15% í 10%. Hlutfall pilta og stúlkna var tiltölulega jafnt, piltarnir þó ívið fleiri eða 52%.

Þegar heimilisfesti nemenda er borin saman við kennslustaðina er niðurstaðan sú að heimiliskennsla var ríkjandi fræðsluform við Húnaflóa allt tímabilið 1887–1905 og tiltölulega fá börn gengu til kennslu á milli bæja. Nemendahópar voru að jafnaði fámennir og aldursbil breitt. Kennslustaðir voru 70 veturinn 1894–1895 og 78 áratug síðar. Um efnahag þeirra heimila sem hýstu heimiliskennara er lítið vitað en nokkrir vitnisburðir eru um hvernig komið var til móts við börn fátækra foreldra. Áhugaverð er lýsing á kennsluáætlunum á Blönduósi um 1900. Einum námshópi var kennt fyrir hádegi en öðrum eftir. Þess háttar tvísetning tíðkaðist víða alla tuttugustu öld.

Litlar upplýsingar eru um húsakynni eða aðrar ytri aðstæður. Ekkert fast skólahús var við Húnaflóa þar til heimavistar skólinn á Heydalsá tók til starfa 1897 og ekkert slíkt reis næsta áratuginn.

Fátt er vitað um kennsluáferðir og reikna má með að flestir sveitakennarar hafi byggt á eigin reynslu, hvort heldur var úr skóla eða sjálfsnámi. Sumir lýsa utanbókarlærdómi og yfirheyrslum en einnig voru nemendur æfðir í að skrifa eftir upplestri. Fáeinir kennarar nefna hvernig þeir nýta stundir utan kennslutímans, í útivist og á kvöldin.

Námsgreinar voru að jafnaði færri þar sem heimiliskennsla og farkennsla voru ríkjandi form en í föstum skólum. Húnaflóasvæðið var þar engin undantekning og má rekja ástæðurnar til skamms námstíma hvers nemanda og trúlega einnig slaks undirbúnings margra kennara og skorts á kennslugögnum.

Þegar allt er tekið saman og aðstæður nemenda og kennara í Strandasýslu og Húnavatnssýslu bornar saman við önnur héruð og landssvæði má fullyrða að byggðirnar við Húnaflóa hafi að ýmsu leyti staðið höllum fæti hvað varðaði þróun uppfræðslu og skólamála. Þar réðu líklega mestu dreifð búseta, erfiðar samgöngur og skortur á þéttbýli en einnig mögulega efnalegar aðstæður og íhaldssöm viðhorf til skólagöngu.

Margar eyður eru ófylltar í skólasögu Íslendinga og drjúgar heimildir liggja lítt eða ekki hreyfðar í skjalaöskjum stofnana eða utan þeirra. Hvað barnafræðsluna varðar er áberandi mikil vöntun á rannsóknnum á dreifbýlum svæðum þótt vissulega hafi verið skrifaðar prófritgerðir um einstök sveitarfélög. Þær rannsóknir ná yfirleitt til afmarkaðra tímabila eftir 1907, enda eru prentaðar fræðsluskýrslur aðgengilegur og mikilvægur brunnur að sækja í þegar þangað er komið. Minna er um notkun óútgefna skjala og annarra vitnisburða. Mikilvægt og fjölbreytt efni er því van- nýtt og það þarf að virkja til enn frekari rannsókna.

On rural teaching in the districts of Strandasýsla and Húnavatnssýsla 1887–1905

From shortly before the middle of the 18th century, Icelandic homes were obliged to provide children with instruction in religion and reading. This obligation was extended in 1880, when writing and arithmetic were added. The homes were supposed to provide the instruction, monitored by parish priests. By the middle of the 19th century, the need for schools for children and teenagers was generally recognized and they were founded one by one, primarily in urban areas. In the countryside, teaching mainly took place in homes and clergymen were supposed to monitor the children's progress.

Many were concerned about the lack of schools but proponents of improved education often had to tackle obstacles deeply rooted in Icelandic history and culture, as well as in the firm belief that home schooling was a cornerstone of society. There were also economic hindrances due to the high level of poverty amongst the general population and an ingrained reluctance to use public funds to cover communal expenses.

This article is based on data regarding rural teaching in two districts in the Húnaflói Bay area; that is, Strandasýsla and Húnavatnssýsla, prior to the formal introduction of compulsory education in 1907. The National Archives of Iceland hold reports from 1887 and onwards that deal with grant applications from rural teachers. The aim is to shed some light on the students who received this teaching and their circumstances.

The main conclusions are the following:

- The age distribution of children and teenagers in the Húnaflói Bay area around the turn of the 20th century was more or less the same as elsewhere in the country. The proportion of children who were taught by rural teachers gradually grew; nevertheless the two districts were well below the national average as regards the proportional school attendance of Icelandic youth.
- There was a clear difference between the municipalities in Strandasýsla as regards the level of children's formal education. It was lowest north of Steingrímsfjörður but increased in the southern parts. In Húnavatnssýsla, very little formal education was available in Hrútafjörður and the northern part of the Vindhælishreppur municipality, while much more was on offer elsewhere.
- An analysis of pupils' social standing reveals that, in the winters examined, the majority (85–89%) of the group of pupils was made up of children of farm owners, foster children and adopted children. The number of paupers decreased sharply over the period and the proportion of pupils who had no direct connection to farm owners went from 15% to 10%. The distribution between boys and girls was relatively even, even though the boys were slightly more numerous, or 52%.
- Home schooling was the main form of education throughout the period and relatively few children received their teaching away from their home farm. All in all, there were 70 places of teaching in the winter of 1894–1895 and 78 a decade later. It has sometimes been assumed that teaching mainly took place in the homes of well-off farmers, but this was by no means always the case. Sources contain a few examples of how children of poor parents were attended to.

- There was no designated school building in the Húnaflói Bay area until the boarding school at Heydalsá started its operations in 1897, and no other building of that kind was built in the next decade. As a result, home schooling was the dominant form of education and the pupil groups were small. Consequently it was relatively easy for the teacher to attend to each and every student and the age range was often quite broad.
- Little is known about teaching methods and it can be assumed that most rural teachers based these on their own experience, gained either from school or their self-education. Some of them describe rote learning and questioning but there are other examples of students being trained in dictation.
- In general, fewer subjects were taught where home schooling was predominant than in set schools. Here, the Húnaflói Bay area was no exception. The main reason for this was the short period of study available to each student, and probably also the limited preparation of many teachers and lack of teaching materials.
- When the conditions of pupils and teachers in Strandasýsla and Húnavatnssýsla are summed up and compared to those in other parts of the country it seems safe to say that the Húnaflói Bay area was in many ways disadvantaged with regard to the development of education and schools. This can probably mainly be traced to a sparse population and absence of urban areas, although economic reasons and conservative views on education are also likely to have played their part.

Key words: Rural teaching, home schooling, itinerant school, District of Strandasýsla, District of Húnavatnssýsla

Um höfund

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) er prófessor í sagnfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Hann er með cand. mag.-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og nám til kennsluréttinda frá sama skóla. Hann er með leyfisbréf sem framhaldsskólakennari og þrettán ára starfsreynslu sem slíkur. Bragi hefur unnið að ytra mati á rúmlega tuttugu íslenskum framhaldsskólum. Rannsóknir hans á seinni árum hafa aðallega beinst að notkun grenndaraðferðar við kennslu og íslenskri skólasögu.

About the author

Bragi Guðmundsson (bragi@unak.is) is professor of history at the School of Humanities and Social Sciences at the University of Akureyri. He holds a cand. mag. degree in history and a postgraduate diploma in teaching from the University of Iceland. He is a licensed upper secondary school teacher and worked in that field for thirteen years. Bragi has been an external examiner at more than twenty Icelandic upper secondary schools. In recent years, his research has mainly focused on the use of local studies in teaching and the history of Icelandic schools.

Heimildir

- Bjarni Guðmarsson. (1989). *Byggðin undir Borginni. Saga Skagastrandar og Höfðahrepps*. Höfðahreppur.
- Björk Ingimundardóttir. (2019). *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1–2*. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Bragi Guðmundsson. (2005). Túngrös og pálmaskógar – Saga, landafræði og náttúrufræði. Í Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson (ritstjórar), *Andans afur. Tíu erindi um manninn, fræðimanninn, menntafrömuðinn, sálfræðinginn og bókfæðinginn Guðmund Finnbogason* (bls. 101–117). Háskólinn á Akureyri.
- Bragi Guðmundsson. (2020). Um sveitakennara í Strandasýslu og Húnavatnssýslu 1887–1905. *Ráðstefnurnetlu – Menntakvika 2020*. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakvika_2020/01.pdf
- Guðmundur Finnbogason. (1905). *Skýrsla um fræðslu barna og unglínga veturinn 1903–1904*. [Án útgefanda].
- Guðmundur Finnbogason. (1947). *Alþingi og menntamálin*. Alþingissögufélag.
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstjórar). (1997). *Hagskipta. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Hagstofa Íslands.
- Íslensk erfðagreining og Friðrik Skúlason. (1997–2020). Íslendingabók. www.islendingabok.is
- Landshagsskýrslur fyrir Ísland 1903 I.
- Loftur Guttormsson. (2008a). Fræðsluhæfðin: Kirkjuleg heimafræðsla. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 21–35). Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008b). Þjóðfélagsbreytingar og menntamál. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 38–53). Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008c). Sjálfsprottnir skólar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 56–71). Háskólaútgáfan.
- Loftur Guttormsson. (2008d). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 75–89). Háskólaútgáfan.
- Magnús Björnsson. (1957a). Frímenn barnakennari. Í *Mannaferðir og fornar slóðir* (bls. 103–123). Bókafélag Odds Björnssonar.
- Magnús Björnsson. (1957b). Jakob Frímennsson. Í *Mannaferðir og fornar slóðir* (bls. 124–146). Bókafélag Odds Björnssonar.
- Ólafur Þ. Kristjánsson og Sigrún Harðardóttir (ritstjórar). (1985–1988). *Kennaratal á Íslandi 1–5* (2. útgáfa). Oddi.
- Ólafur Rastrick. (2008a). Námsgreinar og námsefni. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 163–177). Háskólaútgáfan.
- Ólafur Rastrick. (2008b). Hefðbundnar kjarnagreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 180–192). Háskólaútgáfan.
- Ólafur Rastrick. (2008c). Nýjar skyldunámsgreinar. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007, 1: Skólahald í bæ og sveit* (bls. 196–209). Háskólaútgáfan.
- Ólöf Garðarsdóttir. (2010). Barnakennarar á Íslandi um aldamótin 1900. *Ráðstefnurnetlu – Menntakvika 2010*. <http://hdl.handle.net/1946/7810>
- Snorri Þorsteinsson. (2009). *Barna- og unglíngafræðsla í Mýrasýslu 1880–2007*. Uppheimar.
- Sveitarfélagið Skagaströnd. (2009–2013). Óútféfin húsaskrá um byggð í þorpinu á Skagaströnd á árunum 1840–1940.
- Þjóðskjalasafn Íslands. (e.d.). Manntöl. www.manntal.is
- Þjóðskjalasafn Íslands. (e.d.). Vefsíða kirkjubóka. www.skjalasafn.is
- Þorvaldur Thoroddsen. (1916). *Árferði á Íslandi í þúsund ár*. Hið íslenska fræðafélag.

Þjóðskjalasafn Íslands [ÞÍ]. Öskjur sem geyma gögn sem notuð eru á einn eða annan hátt, hvort sem til þeirra er vitnað í tilvísunum eða ekki. Lh. er skammstöfun fyrir Landshöfðingjasafn og Stv. er skammstöfun fyrir Skjalasafn stiftsýrvalda:

Lh. Nr. II. 1903–1904. Skýrslur um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904. Ísafjarðarprófastsdæmi – Suður-Múlaprófastsdæmi.

Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1888. N nr. 480–559.

Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1889. N nr. 630–699.

Lh. N.J. 1888–1892. Ár 1890. N nr. 570–589.

Lh. N.J. Ár 1891. N nr. 636–649.

Lh. N.J. Ár 1894. N nr. 730–809.

Lh. Nr. XII. Ár 1894–1905. Sveitakennarar Strandasýsla 1894–1905.

Lh. Nr. XIII. Ár 1894–1905. Sveitakennarar Húnavatnssýsla 1894–1899.

Lh. Nr. XIV. Ár 1894–1905. Sveitakennarar Húnavatnssýsla 1900–1905.

Stv. D.I. Nr. 342–345.

Sýslumaðurinn í Strandasýslu PG/3, ör 3. Einkunnabók 1897–1950.



Bragi Guðmundsson. (2021).

Um barnafræðslu í Strandasýslu og Húnavatnssýslu 1887–1905

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2021/alm/11>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2021.11>